

FUNDARGERÐ

Ár 2021, laugardaginn 10. apríl var haldinn aðalfundur veiðifélags Laxár í Hvammssveit og hófst hann kl. 14.00 að Leysingjastöðum í Dalabyggð.

Fundinn sátu: Helga Jóna Benediktsdóttir og Eyjólfur Ingvi Bjarnason.
Fundarstjóri var Helga Jóna Benediktsdóttir, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Lögð voru fram eftirfarandi umboð :

1. Umboð frá Dalabyggð til handa Einari Jóni Geirssyni og Pálma Jóhannssyni til vara, dags. 19. mars 2021.
2. Umboð frá Erlu Kr. Bergmann og Einari Bergmann til handa Helgu Jónu Benediktsdóttur, dags. 9. apríl 2021.
3. Umboð frá Jóni Agli Jóhannssyni til handa Eyjólf Ingva Bjarnasyni, dags. 10. apríl 2021.
4. Umboð frá Bergljótu Soffíu Kristjánsdóttur til handa Eyjólf Ingva Bjarnasyni, dags. 10. apríl 2021.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram ársreikningur félagsins fyrir árið 2020. Samþykktur samhljóða.
2. Lagður fram til kynningar samningur vegna leigu á veiðirétti í Laxá í Hvammssveit, dags. 9. mars 2021.
3. Farið yfir skiptingu veiðidaga í ánni í sumar. Fundarmenn undirrituðu yfirlýsingu um skiptingu daganna.
4. Gengið var til kosninga í stjórn veiðifélagsins.
Atkvæðisréttur vegna Lauga er nú í höndum Dalabyggðar en fulltrúi sveitarfélagsins er ekki mættur á fundinn.
Atkvæði féllu á eftirfarandi hátt:

Helga Jóna Benediktsdóttir	3 atkvæði
Eyjólfur Ingvi Bjarnason	3 atkvæði
Jón Egill Jóhannsson	3 atkvæði

Rétt kjörin í stjórn eru því Helga, Eyjólfur og Jón Egill.

5. Gengið var til kosningar tveggja varamanna í stjórn veiðifélagsins.
Atkvæði féllu á eftirfarandi hátt:

Fulltrúi Dalabyggðar
Bergljót Kristjánsdóttir

3 atkvæði
3 atkvæði

Rétt kjörnir varamenn í stjórn eru því fulltrúi Dalabyggðar og Bergljót S. Kristjánsdóttir.

6. Skoðunarmenn reikninga voru samhljóða kjörnir fulltrúi Dalabyggðar og Bergljót Kristjánsdóttir til vara.

Fleira ekki gert.
Upplesið, staðfest.
Fundir slitið kl. 14.25

Helga Jóna Benediktsdóttir (sign.)

Eyjólfur Ingvi Bjarnason (sign.)